

GARÐASKÓLI OG GARÐALUNDUR

Garðabær, 2. mars 2017

Ágætu aðstandendur,

Þriðjudaginn 7. mars er fyrirhugaður skíða- og brettadagur í Bláfjöllum hjá 8. bekk, í samstarfi við Garðalund. Veðurspá fyrir þennan dag er góð.

Undirbúningur fyrirferðina (6. mars):

- **Þeir sem vilja skrá sig í ferðina greiða rútu- og lyftugjöld 2500 kr. og skila leyfi í Garðalundi, mánudaginn 6. mars.**
- Þeir sem eiga árskort hafa það með sér í ferðina og greiða þá aðeins rútu gjald, 1500 kr.
- Ef einhver á dag inni á hörðu korti, er hægt að nota það.

7. mars:

Ath! Skíðafarar mæta í skólann kl. 10:00 og lagt verður af stað í fjallið kl. 10:30. Komið verður heim klukkan 16:30. Þessi tímasetning er valin til að nemendum gefist kostur á að nýta stólalyftuna sem opnar klukkan 14:00. Fram að því höfum við val um barnalyftu og 1-2 diskalyftur.

Þeir sem ekki fara í ferðina, mæta í skólann skv. stundaskrá.

Nemendur sem ætla ekki á skíði/bretti þurfa að vera í góðum útivistarfötum og geta haft með sér snjóþotur og/eða spil til að spila í skálanum.

Við hvetjum alla sem eiga kost á að koma með eigin skíði/bretti eða geta fengið lánað hjá ættingjum og vinum að gera það. Slíkt styttir bið í skíðaleigunni – auk þess sem ekki er til endalaust af búnaði til útleigu þar sem fleiri skólar verða í fjallinu þennan dag. Munið bara að yfirfara búnaðinn áður en lagt er af stað svo skíða/bretta skórnir passi örugglega og passi einnig í bindingarnar.

Það kostar 2.200 kr. að leigja útbúnað fyrir skólakrakka í Bláfjöllum.

Nestismál:

- **Þeir sem eru í mataráskrift geta fengið matarpakka frá Skólamat sem þeir fá í matsölunni áður en þeir leggja af stað (samloka, ávöxtur og djús).** Þannig þeir þurfa að hafa með sér tösku til að setja nestið og ef þá langar í eitthvað meira þurfa þeir að hafa það með sér
- **Þeir sem eru ekki í áskrift sjá um að nesti sig sjálfir.**

FORELDRALEYFI:

Nafn nemanda: _____

má fara í fyrirhugaða Bjáfallaferð með Garðalundi, 7. mars 2017

Undirskrift forráðamanns: _____